

SFF dagurinn - 12. maí 2010

Birna Einarsdóttir, formaður SFF

Ágætu fundarmenn.

Ég vil byrja á að þakka ræðumönnum sem hér hafa talað í dag kærlega fyrir þeirra framlag til fundarins. Það er ljóst að allir eru að tala í takt - meðvitaðir um mikilvægi þess að byggja upp traust á fjármálafyrirtækjum og eftirlitseiningum þeirra.

Það eru 4800 starfsmenn sem vinna hjá fjármálafyrirtækjum á Íslandi. Þeir hafa ekki átt auðvelda daga síðan október 2008. Líklega hefur óvissan verið mest hjá bönkunum en á árinu 2009 skýrðist eignarhald þeirra og ákveðin festa komst á starfsseminu. Sparisjóðirnir bíða margir enn úrlausna sinna mála og aðgerða ríkisstjórnarinnar í anda neyðarlaganna. Minni fjármálafyrirtæki hafa mátt, eins og aðrir, þola tekjusamdrátt þar sem markaður hefur verið óvirkur þá sérstaklega hlutabréfamarkaður. Starfssemin tryggingarfélaganna hefur heldur ekki gengið hnokralaust og næst stærsta félagið þurfti að undirgangast gagngera fjárhagslega endurskipulagningu og óvissa ríkir enn hjá mörgum þeirra um eignarhald.

Liðið ár hefur verið annasamt fyrir Samtök Fjármálafyrirtækja. Skrifstofa félagsins hefur átt í nánu samstarfi við stjórnvöld og aðildarfélög á starfsárinu bæði um breytingar á regluverki fjármálamarkaðar sem og við vinnu í tengslum við úrræði til að mæta skuldavanda heimila og fyrirtækja.

Alþingi hefur til meðferðar veigamiklar breytingar á regluumgjörð fjármála- og váttryggingamarkaðar, má þar nefna frumvörp til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki, lögum um váttryggingastarfsemi og lögum um verðbréfasjóði, auk nýrra laga um innistæðutryggingar, og hafa starfsmenn SFF unnið ötullega að umsögnum og athugasemdum vegna þeirra.

Loks ber að nefna sameiginlegar verklagsreglur um úrlausnir skuldavanda fyrirtækja sem samtökin gáfu út nýlega og kynntar voru á opnum fundi á vegum samtakanna.

Starfsemi SFF snýst ekki bara um bankastarfsemi, eins og okkur bankafólkinu innan samtakanna hættir stundum til að halda. Mikilvægur þáttur í starfsemi samtakanna lítur að starfsumhverfi váttryggingafélaga. Félagið hefur beitt sér í ýmsum mikilvægum málum á því sviði á starfsárinu, eins og lagabreytingum til að tryggja skattleysi bóta úr sjúkdómatryggingum til framtíðar.

Í liðinni viku birtu samtökin nýja viðhorfskönnun almennings til váttryggingasvika sem Capacent framkvæmdi í apríl. Niðurstöður hennar benda til þess að eitt af forgangsverkefnum á váttryggingasviði hljóti að snúa að forvörnum og viðhorfsbreytingu samfélagsins til þessara mála.

Mikilvægasta eign hvers fyrirtækis er traust, á þetta ekki síst við í fjármálageiranum. Ljóst er að með hruninu haustið 2008 biðu íslenskar fjármálastofnanir mikinn hnekki í þessum efnum gagnvart almenningi og könnun sem samtökin hafa gert sýna það. Bankar og fjármálafyrirtæki standa því frammi fyrir því erfiða verkefni að ávinna sér traust á ný. Það verkefni mun taka langan tíma.

Í dag er nákvæmlega mánuður frá því að skýrsla Rannsóknarnefndar Alþingis var birt. Ég hef heyrt hjá mörgum bankamanninum að vikan eftir útkomu skýrslunnar hafi verið sú versta frá því 6. október 2008, enda í fyrsta sinn sem starfsfólki í fjármálageiranum gafst færi á að sjá heildaratburðarásina.

Skýrsla Rannsóknarnefndarinnar er yfirgripsmikil og þar er mikið magn af upplýsingum sem þarf að vinna úr. Skýrslan kryfur vel starfsemi íslensku bankanna hér á landi og geymir fjölda ábendinga um þætti sem ekki voru í lagi og læra þarf af.

Skýrslan vekur upp fjölmargar spurningar um starfshætti á liðnum árum. Samtök Fjármálafyrirtækja taka niðurstöður skýrslunnar alvarlega og ætla sér að draga réttan lærdóm af henni.

Við höfum þegar tekið fyrstu skrefin í þessum efnum.

Í fyrsta lagi ákvað stjórnin að fá Stefán Einar Stefánsson, viðskiptasiðfræðing, til þess að taka saman lærdómspunkta og ábendingar úr viðauka skýrslunnar og koma með tillögur um hvernig vinna mætti úr þeim niðurstöðum, vekja athygli á þeim innan fjármálafyrirtækjanna og skapa uppbyggjandi umræðu um það hvernig tryggja má sem best góða starfshætti í framtíðinni.

Í öðru lagi ætlar stjórn SFF að taka út helstu þætti í skýrslunni er varða reglur og starfshætti fjármálafyrirtækjanna. Þessi vinna er í fullum gangi. Við erum byrjuð að kortleggja hvað af þeim þáttum sem þarf að taka á eru þegar komnir í lög eða eru að verða að lögum. Við erum að skoða hvað fjármálafyrirtækin hafa gert nú þegar til að bæta sína starfshætti og loks hvað fyrirtæki og stjórnvöld þurfa hugsanlega að gera þessu til viðbótar til þess að tryggja að löggjöf og starfsrammi fjármálafyrirtækja sé á við það besta sem gerist í heiminum.

Í þriðja lagi er þegar hafin stefnumótunarvinna innan SFF sem mun taka mið af ofangreindum þáttum. Sú vinna miðar að því að aðildarfélög samtakanna sameinist um að byggja á Íslandi heilbriggt og skilvirkt fjármálakerfi sem nýtur trausts, sinnir þörfum einstaklinga og atvinnulífs af heilindum og þjónar hagsmunum íslensks samfélags.

Stjórn SFF mun á vinnufundi í næstu viku fara betur yfir skýrsluna og meta hvaða ábendingum hefur þegar verið mætt og hverju þurfi að vinna betur í. Þessi vinna mun varða þá leið sem SFF og aðildarfélög samtakanna þurfa að feta á næstu misserum til að endurvinna traust sem glataðist.

Það er mikilvægt að draga réttan lærdóm af fortíðinni. Við þurfum til dæmis að finna hinn gullna meðalveg í lánamálum. Vissulega voru bankarnir of áhættusæknir, það er augljóst. Við verðum hinsvegar að gæta að því að herða ekki reglur og viðmið svo mikið að skrúfað verði fyrir allt súrefni til atvinnulífsins.

Það mikilvægt að gengið verði hraustlega til verks í endurskipulagningu fyrirtækja – það er eina leiðin til þess að flýta uppbyggingunni. Það þarf að gera fyrirtækjum kleift að takast á við skuldavanda og örva þau til fjárfestinga í atvinnulífinu. Besta leiðin til þess að endurvinna traust vera að vinna náið með fyrirtækjunum í landinu að slíkum verkefnum. Sýna að við ætlum okkur að taka fullan þátt í endurreisninni á ábyrgan hátt.

Ágætu fundargestir.

Það vill stundum gleymast að traustur rekstur fyrirtækjanna í landinu er samfélaginu mikilvægur. Fjármálafyrirtækin veita miklum fjölda einstaklinga atvinnu og greiða há gjöld til hins opinbera. Í því sambandi má benda á að gert er ráð fyrir að fjármálafyrirtæki landsins greiði samtals um 14 milljarða króna í það heila í ýmis opinber gjöld fyrir árið 2009 og áætlað að þær greiðslur nemi 17 milljörðum króna fyrir árið 2010. Inni í þessum tölum eru tekjuskattsgreiðslur, tryggingagjald, fasteignagjöld, eftirlitsgjald og greiðslur til Tryggingarsjóðs innstæðueigenda, sem tvöfaldast á þessu ári.

FME hefur sett kröfur um 16% lágmarks CAD eiginfjárlutfall banka, vel umfram það sem lög kveða á um. Jafnframt hefur FME hert verulega lausafjárkröfur lánastofnanna. Það er eðlilegt að eftirlitsaðilar vilji vera varkárir eftir þau áföll sem dunið hafa á. Miklu skiptir þó að leitast við að ganga ekki of langt í þeim efnum því á sama tíma hvílir skylda á fjármálafyrirtækjunum að skila eðlilegri arðsemi af starfsemi sinni .

Ágætu fundarmenn.

Þrátt fyrir harða og erfiða umræðu oft á tíðum er mikilvægt að hafa í huga að íslensku bankarnir hrundu ekki í gær, heldur fyrir 20 mánuðum. Nýir bankar voru stofnaðir úr þeim sem hrundu og er starfsemi þeirra og umhverfi gjörbreytt frá því sem var og starfa þeir í dag undir miklu aðhaldi starfsmanna, viðskiptavina, stjórnálmanna og eftirlitsaðila. Þetta er sannarlega annað umhverfi en var hér fyrir hrún.

Þann 27. apríl síðastliðinn var viðtal við Dr. Huldu Þórisdóttur, einn höfunda siðfræðihluta rannsóknarskýrslunnar í Kastljósinu.

Í viðtalinu benti hún á áhrif hjarðhegðunar í aðdraganda bankahrunsins Við séum afsprengi þeirra aðstæðna sem eru á hverjum tíma. Hún bendir á að lítil samfélög eigi það alltaf á hættu að falla í gryfju hjarðhegðunar vegna þess að þjóðin er fámenn og einsleit.

Niðurstöður rannsóknarskýrslunnar og sú umræða sem hefur átt sér stað í samfélaginu á nánast hverjum einasta degi frá hrúni hefur eðlilega lagst þungt á starfsfólk fjármálafyrirtækja og ég fullyrði að þeir hafi á hverjum degi þessa 20 mánuði gengið auðmjúkir til verks staðráðnir að leggja sig alla fram við að vinna að heilindum að nýju og betra bankakerfi.

Ég held að það sé til dæmis óhætt að segja að starfsfólk útibúa hafi lagt sig alla fram við að koma til móts við viðskiptavinum sína síðustu 20 mánuði. Samt er það enn þannig að þeir fá reglulega yfir sig reiðilestur frá viðskiptavinum um bankamennina sem settu íslenska hagkerfið á höfuðið. Það er auðvitað eins ósanngjarnt og það getur verið að starfsfólk útibúa bankana, sem höfðu lítinn sem engan möguleika að hafa áhrif á þá atburðarrás skuli nú enn 20 mánuðum eftir hrunið þurfa að sitja undir ásökunum fyrir það eitt að vinna í banka.

Jarðvegurinn fyrir neikvæðar fréttir er frjór og umræðan fer úr einum öfgum í aðrar. Á sama hátt og ef til vill var bannað að gagnrýna fjármálafyrirtæki fyrir hrun er nú bannað að verja þau, hrósa þeim eða leyfa þeim að njóta vafans. Við eigum að krefjast gagnrýnnar umræðu þar sem fleiri en eitt sjónarmið geta verið í umræðunni í einu.

Auðvitað verður að taka þau mál föstum tókum þar sem lög og reglur hafa verið brotnar en við verðum að láta þar til bæra dómstóla um að kveða upp dóma í þeim málum.

Svo ég geri orð Huldu Þórisdóttur að mínum þá verðum við að læra að hlusta meira og umbera skoðanaágreining í stað þess að spóla í fúlum pytt heilagrar vandlætingar og eftiráspeki.

Ágætu fundarmenn.

Það er á tímum sem þessum sem heildarsamtök eru mikilvæg. Samtökin okkar SFF geta öðlast mikilvægt hlutverk í þeirri umræðu sem nauðsynleg er í því uppgjöri sem við höfum staðið í.

Að sama skapi geta samtökin haft leiðandi hlutverk í að endurskilgreina marga þætti sem snúa að þeim félögum sem mynda samtökin.

Það er mikilvægt að til sé sameiginlegur vettvangur þar sem hægt er að móta ný vinnubrögð og starfshætti. Ég vænti þess að SFF sýni frumkvæði í þessa veru og ég bind miklar vonir við að samtökin öðlist nýtt og enn mikilvægara líf á næstu mánuðum og misserum.